

Fundargerð

Aðalfundur foreldrafélags Stóru-Vogaskóla haldinn í skólanum fimmtudaginn
20. október kl. 20 í stofu 8.

Mættir fyrir hönd stjórnar: Manessa og Henrietta.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Lagabreytingar
4. Reikningar lagðir fram til samþykktar
5. Kosning stjórnar
6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
7. Kosning fulltrúa í skólaráð
8. Önnur mál

Fyrir hönd stjórnar býður Henrietta fólk velkomið og setur fundinn.

1. **Kosning fundarstjóra.** Henrietta stingur uppá Hilmar sem fundarstjóra. Fundurinn samþykkir Hilmar sem fundarstjóra, sem lýsir fundinn löglegan. Hilmar skrifar einnig fundargerð.
2. **Skýrsla stjórnar.** Fyrir hönd stjórnar les Henrietta skýrslu stjórnar.
3. **Lagabreytingar.** Engar lagabreytingar lagðar fram. Fundarstjóri getur þess að mögulega þurfi að setja tímamörk einhvers staðar, sbr. með hversu löngum fyrirvara þurfi að auglýsa aðalfund og hvenær í síðasta lagi þurfi að skila inn tillögum að lagabreytingum.
4. **Reikningar lagðir fram til samþykktar.** Manassa gjaldkeri fer yfir reikninga félagsins frá síðasta ári.
5. **Kosning stjórnar**, sbr. 4. grein. Á fundi gáfu þrír kost á sér til setu í stjórn foreldrafélagsins og voru samþykktir. Manassa Qarni og Henrietta Ósk Melsen gáfu kost á sér áfram. Rebekka Riviere Magnúsdóttir gaf kost á sér og er ný. Ekki náðist að manna stjórn og sendir Hilmar skólastjóri bréf þess efnis á foreldra. Nýir stjórnarmeðlimir heyra einnig í fólki.
6. **Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.** Ekki náðist að kjósa skoðunarmenn reikninga. Skólastjóri og ný stjórn athuga með fólk.
7. **Kosning fulltrúa í skólaráð.** Manassa og Rebekka gáfu kost á sér í skólaráð Stóru-Vogaskóla sem fulltrúar foreldra.
8. **Önnur mál.**
 - a. Hilmar stiklaði á stóru í framkvæmdum og í starfi skólaársins.
 - b. Henrietta ræddi hugmyndir að aðkomu foreldrafélags við bekkjarkvöld nemenda og einnig foreldra.

Fundi slitið kl. 21:10

Hilmar Egill skólastjóri ritaði fundargerð